

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2015  
Tilvísun: UST20141200079/abg

## Efni: Breyting á sorpurðun á Tjarnarlandi, umsögn.

Umhverfisstofnun vísar til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### Umfang framkvæmdar

Áformuð er breyting á nýtingu urðunarstaðar á Tjarnarlandi í Hjaltastaðarþinghá, en áætlað er að auka heimild til urðunar úr 2000 í 3000 tonn á ári. Heildarmagn til urðunar á líftíma urðunarstaðarins verður áfram 68.000 tonn eins og fram kom í matsskýrslu þegar framkvæmdin fór í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Breytingin felur í sér að áætlaður líftími urðunarstaðarins mun því styttest úr u.þ.b. 30 árum í 20 ár. Breytingin hefur engin áhrif á hönnun urðunarstaðarins, stærð urðunarhólfa eða annarra mannvirkja eins og þeim var lýst í matsskýrslu. Breytingin snýr einungis að urðun flokkaðs úrgangs og mun ekki hafa áhrif á sérstakt urðunarhólf fyrir sláturúrgang eða áætlað magn sláturúrgangs til urðunar.

### Umhverfisáhrif breytingar


Í greinargerð er ekki gert ráð fyrir því að umrædd breyting hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif hvað varðar landslag og ásýnd. Breytingin mun fela í sér að vinnustundum við urðun mun fjölga. Umfang urðunar er metið lítið og tíminn skammur og magnaukning um 1000 tonn bæti litlu þar við. Hinsvegar þá mun umferð vegna urðunar aukast frá því að vera 4 sorpflutningabíla í 6 á viku. Í greinargerð kemur jafnframt fram að magnbreytingin komi ekki til með að hafa áhrif á loftgæði umfram það sem fram kom í matsskýrslu fyrir breytingu. Á Tjarnarlandi verður aðeins urðaður flokkaður úrgangur og mun gasmyndun því verða í lágmarki. Breytingin muni ekki koma til með að hafa áhrif á heildarlosun hauggass en muni hins vegar þýða að árleg gildi munu mælast nokkru hærra á líftíma urðunarstaðarins en annars væri. Að auki kemur fram í greinargerð að styrkur uppleystra efna í grunnvatni gæti orðið lítillega hærra en annars hefði verið. Allt bendir þó til þess að styrkur uppleystra efna í sigvatni verði mjög lágur og í öllum tilfellum mun lægri en frá eldri urðunarstað. Áhrif á dýralíf og gróður eru talin verða engin.


Umhverfisstofnun hefur farið yfir fyrirhugaða breytingu og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun, þar sem ekki er um meiriháttar

breytingu að ræða frá framkvæmd þeirri sem tilkynnt var inn við mat á umhverfisáhrifum árin 2012-2013. Umhverfisstofnun telur þó rétt að halda til haga að verið er að ræða um 50% aukningu á magni úrgangs frá því sem verið hefur. Það mun því reyna meira á það verklag sem viðhaft er við móttöku úrgangs og urðun.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og mun verða nánar fjallað um þessi atriði við vinnslu starfsleyfis þar sem munu verða gerðar ríkar kröfur til vöktunar á grunn- og yfirborðsvatni og því verður hægt að grípa til aðgerða ef vatnsmengunar verður vart. Hvað varðar lyktarmengun og hávaða þá mun verklag við urðun og uppbygging hljóðmana hafa mest um þá þætti að segja. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin mun fara fram á nýja útreikninga á myndun metans að teknu tilliti til aukins magns úrgangs.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur